

Hvernig er Dashboard sett upp

Last Modified on 05/22/2026 11:06 am EDT

Petta eru leiðbeiningar um hvernig þú getur sett upp þitt eigið Dashboard í SalesCloud

Á Dashboard síðunni getur þú fundið mismunandi skýrslur og upplýsingar sem gefa þér ítarlegri innsýn í reksturinn þinn. Þú getur valið úr mörgum mismunandi valmöguleikum til að birta þau gögn sem henta þér best hverju sinni t.d. vörur, pantanir, áskriftir og greiðslur.

1. Innskráðu þig inn á admin.salescloud.is
2. Veldu **Dashboard** í valmyndinni vinstra megin.
3. Dashboard valmyndin byrjar alltaf með grunn mælaborði (Dashboard) sem þú getur svo aðlagð að þínum þörfum.
Ef þú vilt frekar búa til alveg nýtt Dashboard fyrir eitthað sérstakt, þá einfaldlega smellirðu á **kassan með plúsnum** hægramegin við **DEFAULT** mælaborðið, og velur svo gott nafn fyrir þetta nýja.
4. Efst í mælaborðinu, undir hausnum á valmyndinni eru stillingar fyrir gögnin í mælaborðinu fyrir tímabil (**Period**), **Channels** og tíma dags (**Time of Day**) sem þú getur svo síað eftir. Til dæmis, ef þú vilt bara sjá netsölur fyrir daginn í gær, þá getur þú valið í Period, Yesterday og svo í Channels, Online og Time of Day sem All day.
5. Hver og einn partur (box) af mælaborðinu hefur valmöguleika fyrir niðurhal og stillingar í efra hægra horninu.
 - a. **PDF** er til að sækja PDF skjal.
 - b. **XLS** er til að sækja Excel/ Töluleg gögn.
 - c. **Örin upp** er til að færa þetta tiltekna box upp í mælaborðinu.
 - d. **Örin niður** er til að færa boxið niður í mælaborðinu.
 - e. **Örvakrossinn** er til að draga boxið til og færa á nýjan stað.
 - f. **Tannhjól** er til að opna stillingar fyrir þetta box.
 - g. **Örvahringurinn** er til að endurhlaða gögnin í boxinu.
6. Til að bæta við boxum við mælaborðið, þá smellir þú á **bleika plúsinn** í efra hægra horninu á mælaborðinu. Þú getur svo notað leitarstikuna eða skrúnað niður til að finna þær upplýsingar sem þú vilt birta í mælaborðinu. *Þegar þú hefur bætt við boxi, þá þarf að endurhlaða síðuna svo það birtist.*